



Skýrsla Lífsverks lífeyrissjóðs um ábyrgar fjárfestingar fyrir starfsárið 2024

Júní 2025

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Starfsárið 2024.....	4
Innlendar fjárfestingar og eignasafn.....	4
Kolefnislosun.....	5
Úttekt á UFS þáttum	7
UFS mat.....	10
Erlendar fjárfestingar og eignasafn.....	12
Kolefnislosun.....	12
UFS mat.....	14
Atvik sem áttu sér stað á árinu og brutu mögulega gegn stefnu Lífsverks	17
Ábyrgð í rekstri og umhverfi	17
Lokaorð.....	17
Viðauki I: Yfirlit um innleiðingu reglugerðar um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu	18
Viðauki II: Yfirlit um hlítni Lífsverks við meginreglur PRI fyrir árið 2023.....	19

Inngangur

Skýrsla Lífsverks um ábyrgar fjárfestingar fjallar um starfsemi sjóðsins tengda ábyrgum fjárfestingum á starfsárinu 2024.

[Stefna Lífsverks lífeyrissjóðs um ábyrgar fjárfestingar](#) skilgreinir sjálfbærni viðmið í fjárfestingum og áhættustýringu sjóðsins, m.a. í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Það er mat stjórnar að fjárhagsleg og ábyrg markmið fari saman og stuðli í sameiningu að bættum hag sjóðfélaga og gildir stefnan um fyrirtæki og aðra útgefendur fjármálagerninga í samtryggingardeild og séreignardeildum sjóðsins. Við mat á sjálfbærni horfir sjóðurinn til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS viðmið) og koma þau á margþættan hátt inn í ákvarðanatöku og áhættumat sjóðsins. Til að skerpa á mikilvægi eftirfylgni með sjálfbærni viðmiðum í fjárfestingum sjóðsins þá er hluthafastefna sjóðsins hluti af stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefna um ábyrgar fjárfestingar er til á íslensku og ensku og birt á vefsíðu sjóðsins.


Yfirlit um stöðu Lífsverks lífeyrissjóðs gagnvart reglugerð (ESB) 2019/2088 um áhættu tengda sjálfbærni og veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir (e. Sustainable Finance Disclosure Regulation, SFDR) má sjá í viðauka I í skýrslu þessari og á sérstöku upplýsingablaði hvernar séreignarleidar sjóðsins.

Lífsverk er aðili að samkomulagi við PRI (e. Principles for Responsible Investments) og hefur þar með samþykkt að fylgja sex meginreglum samtakanna. Lífsverk hefur ásamt öðrum íslenskum lífeyrissjóðum skuldbundið sig á vettvangi Climate Investment Coalition (CIC) til að fjárfesta 580 ma.kr. í græn verkefni fyrir árið 2030 sem mun styðja við markmið Parísarsamkomulagsins og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Sjóðurinn er á meðal stofnaðila IcelandSIF, íslenskra samtaka með þann tilgang að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Þá er Lífsverk aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, frá árinu 2020.

Lífsverk gerðist aðili að PRI (e. Principles for Responsible Investment), áður UN PRI, árið 2017. Fyrstu skýrslu um eignasafn Lífsverks var skilað árið 2019 og skilaði Lífsverk skýrslu öðru sinni í apríl 2020. Árin 2021 og 2022 var ekki unnt að skila skýrslu vegna kerfisbreytinga hjá PRI. Árið 2023 var hægt að skila inn skýrslu með upplýsingum um eignastöðu m.v. árslok 2022, en ekki var hægt að sjá samanburð á milli ára vegna fyrrnefndra kerfisbreytinga en það breyttist við skil með upplýsingum um eignastöðu m.v. árslok 2023. Skýrsla PRI endurspeglar skuldbindingu og frammistöðu í tengslum við ábyrgar fjárfestingar. Einkunnargjöf PRI metur ýmsa þætti ábyrgra fjárfestinga, þar með talið hvernig sjóðurinn innleiðir viðmið fyrir umhverfis-, félagsþætti og stjórnarhætti í ákvarðanatöku um fjárfestingar. PRI eru stærsta samvinnuverkefni um upplýsingaöflun ábyrgra fjárfestinga í heimi.

Á mynd 1 kemur fram yfirlit um einkunnargjöf PRI fyrir Lífsverk lífeyrissjóð. Miðað er við starfsemi sjóðsins á starfsárinu 2023, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og eignastöðu m.v. árslok 2023.

SUMMARY SCORECARD



Mynd 1: Einkunnargjöf PRI fyrir eignasafn Lífsverks árið 2023

Í einkunnargjöf PRI kemur fram að Lífsverk stendur sig ágætlega í samanburði við aðra meðlimi PRI og bætir stöðu sína á flestum sviðum milli ára. Á myndinni sést að Lífsverk er með aðeins hærra meðaltal en PRI meðlimir þegar kemur að mati á stjórnarháttum og stefnu um ábyrgar fjárfestingar (e. Policy Governance and Strategy) en jafnstæði þegar um traust til aðferðafræði um ábyrgar fjárfestingar innan sjóðsins (e. Confidence building measures) er að ræða. Þegar kemur að einkunn PRI á einstökum eignaflokkum þá sést að einkunn skráðrar hlutabréfaeignar í hlutlausri stýringu (e. Listed equity – passive) og í virkri stýringu (e. Listed equity – active) er vel yfir meðaltali auk þess að um töluverða bætingu er að ræða milli ára. Eign sjóðsins í skuldabréfum í virkri stýringu (e. Fixed income – active) batnaði líka og er nú hærra en meðaltal en var jafnstæð meðaltali annarra meðlima PRI m.v. árið 2022. Lífsverk skráði ekki upplýsingar um aðra eignaflokka, vegna stærðartakmarkana PRI. Markmið samkvæmt stefnu Lífsverks er að fylgja sex meginreglum PRI enda leggja þær grunn að aðferðafræði Lífsverks við að samþætta sjálfbærni viðmið í ákvaðanaferli við fjárfestingar.

Sex meginreglur samtakanna eru eftirfarandi:

1. Lífsverk tekur mið af sjálfbærniþiðmiðum við greiningu fjárfestingakosta og við ákvarðanatöku.
2. Sjóðurinn mun vera virkur eigandi sem tekur tillit til sjálfbærniþiðmiða bæði í stefnu og verki.
3. Kallað verður eftir upplýsingum um frammistöðu út frá sjálfbærniþiðmiðum frá fyrirtækjum sem fjárfest er í.
4. Sjóðurinn mun beita sér fyrir viðurkenningu á og innleiðingu meginreglna PRI innan fjármálageirans.
5. Sjóðurinn mun vinna að því að auka áhrif og árangur af innleiðingu meginreglnanna.
6. Sjóðurinn mun upplýsa um starfsemi sjóðsins og framgang við innleiðingu meginreglnanna.

Í viðauka II má sá yfirlit um hlítni Lífsverks við meginreglur PRI. Þar kemur fram að hlítni sjóðsins við meginreglurnar er með ágætum, mælt með hinum ýmsu mælikvörðum, þó vissulega megi bæta ákveðna þætti, en einstaka þætti er ómögulegt að uppfylla sökum smæðar sjóðsins. Í kaflanum, mat á stjórnarháttum og stefnu um ábyrgar fjárfestingar, sem tengist meginreglum 1, 2 og 6 auk almenns hluta voru birtir 36 mælikvarðar í skýrslu PRI um Lífsverk. Sjóðurinn er með fullt hús stiga í 19 mælikvörðum, hluta stiga í ellefu mælikvörðum og fyrir sex mælikvarða fær sjóðurinn engin stig. Sjóðurinn bætti sig í tveimur mælikvörðum milli ára. Kaflarnir sem fjalla um eignir sjóðsins, skráð hlutabréf í hlutlausri og virkri stýringu og skuldabréf í virkri stýringu og tengjast meginreglum 1, 2 og 4. Í fyrrnefndum tveimur köflum voru 11 mælikvarðar birtir, þar sem fullt hús stiga er gefið fyrir sex mælikvarða og hluti stiga fyrir fimm mælikvarða en enginn mælikvarði fær ekkert stig. Innan þessa hluta var einnig bæting í þremur mælikvörðum milli ára. Í síðastnefnda kaflanum eru birtir níu mælikvarðar, þar sem fullt hús stiga er fyrir fjóra þeirra og fjórir fá hluta stiga og einn fær ekkert stig. Í þessum hluta er um bætingu að ræða í tveimur mælikvörðum. Lokakaflinn fjallar um traust til aðferðafræði um ábyrgar fjárfestingar innan sjóðsins og þar eru tveir mælikvarðar birtir sem báðir tengjast meginreglu 6, þar sem í öðrum er gefið fullt hús stiga en hluta stiga í hinum. Sjá nánari upplýsingar í viðauka II.

Lífsverk setti sér fyrst stefnu um ábyrgar fjárfestingar árið 2017 og uppfærði hana í mars 2021 áður en til gagngerðar endurskoðunar kom árin 2022 og 2023. Núverandi stefnan var samþykkt af stjórn fyrst árið 2023 og aftur í ágúst 2024 en aðeins var um lítils háttar uppfærslu að ræða í það skiptið. Framkvæmd og umfjöllun um ábyrgar fjárfestingar fyrir árið 2024 er því til samræmis við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar árið 2023, umfjöllun er því í meginatriðum sambærileg við umfjöllun síðasta árs. Um mitt ár 2024 tók Lífsverk yfir stýringu á séreignarleiðum sjóðsins sem höfðu verið í útivistun hjá Kviku eignastýringu. Bætt hefur verið við umfjöllun um séreignarleiðir eftir því sem við á.

Starfsárið 2024

Stefna um ábyrgar fjárfestingar kemur fram í mati á nýjum fjárfestingakostum og eftirliti með fjárfestingum í safni sjóðsins. Eftirfarandi umfjöllun er m.v. innlent og erlent eignasafn sjóðsins fyrir samtryggingardeild og séreignardeildir eftir því sem við á.


Innlendar fjárfestingar og eignasafn

Lífsverk hefur innleitt UFS mat fyrir innlendan hluta eignasafnsins til að framfylgja stefnu um ábyrgar fjárfestingar og gera sér grein fyrir áhættuþáttum tengda umhverfis-, félagsþáttum og stjórnarháttum í innlendu eignasafni. Stuðst við gögn frá greiningar- og matsfyrirtækinu Reiton, sem sérhæfir sig m.a. í UFS mati fyrir innlendan fjármálamarkað auk þess að notast er við gögn frá þeim varðandi kolefnislosun innlendra útgefenda eignasafnsins fyrir samtryggingardeild og séreignardeildir.

Kolefnislosun

Í stefnu Lífsverks um ábyrgar fjárfestingar kemur fram að sjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi um kolefnisspor eignasafns og vill vinna með fyrirtækjum og samstarfsaðilum við að tryggja gæði gagna og aðferðafræði við útreikninga á kolefnisspori. Markmið til skemmri tíma er að ná utan um upplýsingar um kolefnislosun í innlendu og erlendu eignasafni með það að markmiði að hafa sem áreiðanlegastar upplýsingar um kolefnislosun (þ.e. umfang 1, 2 og helstu þáttum umfangs 3 þeirra útgefenda sem sjóðurinn hefur fjárfest í innanlands) vegna hvers fjárhagsárs. Með þetta í huga er markmið Lífsverks að fyrirtæki skráð á innlendan hlutabréfamarkað sem fjárfest er í hafi vegna fjárhagsáranna 2023 og 2024 birt upplýsingar um kolefnislosun sína út frá umfangi 1, 2 og helstu þáttum 3. Auk þess er horft til þess að þau hafi sett sér mælanleg og tímasett markmið um að draga úr kolefnislosun og tileinki sér bestu framkvæmd viðmiða um kolefnisjöfnun og -hlutleysi.


Stuðst var við gögn frá Reitun varðandi kolefnisspor innlendra útgefenda skráðra verðbréfa m.v. starfsárin 2024 og 2023, en gögnin ná til 30,4% eigna samtryggingardeildar sjóðsins í árslok 2024 í samanburði við 30,8% eigna m.v. árslok 2023. Fjöldi undirliggjandi útgefenda var 31 árið 2024 en var 30 árið 2023, þar með talin flest fyrirtæki skráð á innlendan hlutabréfamarkað sem fjárfest var í. Við útgáfu þessarar skýrslu liggja ekki fyrir gögn um fimm útgefendur fyrir árið 2024 en notast var við 2023 tölur í þeim tilvikum. Mynd 2 sýnir breytingu heildarkolefnislosunar milli ára, þ.e. kolefnisspor verðbréfa í eigu samtryggingardeildar Lífsverks milli 2023 og 2024, vegið m.v. eignarhlut Lífsverks í hverjum útgefenda, auk þess að sýna breytingu niðurbrots á umfang, 1, 2 og 3. Þar sést að umfang 1, losun sem verður til við daglegan rekstur af starfsemi fyrirtækis, dróst saman milli ára, einkum vegna lægri eignarhlutar í grein flugsamgangna. Sömu sögu er að segja að umfangi 2, þ.e. losun vegna orkunotkunar. Umfang 3 sem nær yfir alla virðiskeðju fyrirtækis, losun sem verður til hjá þriðja aðila til að fyrirtæki geti stundað sína starfsemi jókst milli ára. Samanlagt þá var aukning í kolefnisspori sjóðsins sem aðallega má rekja til hærri losunartalna milli ára í umfangi 3 innan greinar verslunar og þjónustu en einnig má leiða líkum að því að útgefendur nái sífellt betur utan um mælingar sínar sem verði nákvæmari og hafi þannig áhrif. Hafa ber í huga að mæling fyrirtækja á umfangi 3 er mjög mismunandi þar sem sum fyrirtæki hafa framkvæmt ítarlegar greiningar á virðiskeðju sinni (t.d. með lífsferlisgreiningum) á meðan önnur mæla bara úrgang og flug starfsfólks svo eitthvað sé nefnt. Því ber að setja fyrirvara um þær tölur, a.m.k. þar til nýtt regluverk um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) liggur fyrir.




Mynd 2: Breyting í heildarkolefnislosun (kolefnisspori) innlendra skráðra útgefenda í eignasafni samtryggingardeildar Lífsverks milli áranna 2023 og 2024

Mynd 3 sýnir losunarkræfni innlendra skráðra verðbréfa á starfsárunum 2024 og 2023 sem voru í eignasafni samtryggingardeildar Lífsverks í árslok hvers árs og mynd 3b sýnir losunarkræfni innlendra

skráðra verðbréfa í eigu Lífsverk 1, 2 og 3 við lok árs 2024. Losunarkræfni er mælikvarði á losun miðað við tiltekna einingu. Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, 2 og 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO₂í á einingu (svo sem tCO₂í á móti heildartekjum). Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD) er frumkvæði af hálfu Fjármálastöðugleikanefndar (e. Financial Stability Board, FSB). Markmið TCFD er að auka og bæta upplýsingagjöf fyrirtækja um fjárhagsleg áhrif loftslagsbreytinga. Þetta á bæði við um áhættur sem fyrirtæki standa frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga og þau tækifæri sem þau geta nýtt sér til að styðja við sjálfbæra þróun. Hér er umfang 1, 2 og 3 mælt í tonnum af kolefnisígildum á hverja milljón aflaðra tekna undirliggjandi útgefenda. Reikniaðferðin sem sjóðurinn byggir á er skv. TCFD (e. weighted average carbon intensity) sem var 0,49 tCO₂/mISK m.v. lok árs 2023 og lækkaði í 0,19 tCO₂/mISK m.v. árslok 2024 fyrir samtryggingardeild. Munurinn skýrist af almennt hærri tekjum undirliggjandi útgefenda milli ára. Mynd 3b sýnir sömu upplýsingar fyrir Lífsverk 1, 2 og 3 við árslok 2024 en ekki eru til upplýsingar fyrir árið 2023 fyrir séreignardeildir




Mynd 3: Losunarkræfni innlendra skráðra útgefenda í eignasafni samtryggingardeildar Lífsverks árin 2024 og 2023




Mynd 3b: Losunarkræfni innlendra skráðra útgefenda í eignasafni séreignardeilda Lífsverks árið 2024

Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF) er alþjóðlegur samstarfsvettvangur fjármálafyrirtækja sem hefur það meginmarkmið að samræma mat á umfangi losunar gróðurhúsalofttegunda sem fjármálafyrirtæki fjármagna í gegnum lánveitingar og fjárfestingar. Fjármögnuð kolefnislosun er hugtak sem er notað um óbeina losun gróðurhúsalofttegunda vegna fjárfestinga fjármálafyrirtækja. Fjármögnuð losun er áætluð út frá margfeldi hlutfalls útistandandi upphæðar og undirliggjandi virðis og heildar kolefnislosunar fyrirtækis. Mynd 4 sýnir heildarkolefnislosun m.v. umfang 1, 2 og 3 skilgreiningu TCFD og fjármagnaða kolefnislosun innlendra skráðra verðbréfa skv. skilgreiningu PCAF, skipt annars vegar í umfang 1 og 2 og svo hins vegar í umfang 3. Miðað er við kolefnislosun starfsárin 2024 og 2023 og eignasafn samtryggingardeildar Lífsverks í árslok hvors árs um sig á mynd 4. Lægri niðurstöðu í PCAF mælingu umfangs 3 má rekja til hærri undirliggjandi virðis í grein verslunar og þjónustu. Mynd 4b sýnir sömu upplýsingar fyrir Lífsverk 1, 2 og 3 við árslok 2024 en ekki eru til upplýsingar fyrir árið 2023 fyrir séreignardeildir.



Mynd 4: Heildarkolefnislosun og fjármögnuð kolefnislosun innlendra skráðra útgefenda í eignasafni samtryggingardeildar Lífsverks árin 2024 og 2023




Mynd 4b: Heildarkolefnislosun og fjármögnuð kolefnislosun innlendra skráðra útgefenda í eignasafni séreignardeilda Lífsverks árið 2024

Úttekt á UFS þáttum


Gerð var úttekt á völdum umhverfis-, félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS) í samræmi við stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum tengdri útgefendum fjármálagerna í innlendu verðbréfasafni sjóðsins. Með því vill sjóðurinn styrkja áhættumat gagnvart þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í auk þess að vera með eftirfylgni varðandi valda UFS þætti í samræmi við stefnu sjóðsins.

Niðurstöðu úttektarinnar er að finna á myndum 5 & 5b, 6 & 6b og 7 & 7b hér á eftir þar sem sjá má hlítu innlendra útgefenda fjármálagerna, í eignasafni samtryggingardeildar og séreignardeilda Lífsverks, við helstu stefnur tengdum UFS málefnum fyrir 2024 og 2023. Fjöldi útgefenda í úttektinni var 36 fyrir bæði árin og skiptist milli innlendra hlutabréfa og skuldabréfa.




Mynd 5: Hlítni útgefenda innlendra fjármálagerna við valda umhverfispætti árið 2024

M.v. rekstrarárið 2024 þá hafa allir útgefendur sett sér umhverfisstefnu en fyrir ári síðan höfðu 94,4% sett sér umhverfisstefnu. 94,4% fylgja markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en það hlutfall var 88,8% fyrir ári síðan. Aðrir þættir hafa minni fylgni, en hjá aðeins 9 af 36 eða 25,0% útgefenda voru stjórnendur formlega hvattir til sjálfbærni sem þó er aukning en hlutfallið var 16,7% fyrir ári síðan.




Mynd 5b: Hlítni útgefenda innlendra fjármálagerna við valda umhverfispætti árið 2023

Lífsværk leggur áherslu á að fyrirtæki sem fjárfest er í upplýsi á gagnsæjan hátt um hvernig þau stuðli að velferð starfsfólks s.s. með stefnum og viðbragðsáætlunum í öryggis-, jafnréttis- og félagsmálum og ófjárhagslegri upplýsingagjöf þar að lútandi í ársreikningi. Það er ánægjulegt að sjá að allir útgefendur hafa sett sér jafnréttisstefnu m.v. árið 2024 og 94,4% útgefenda hafa sett sér vinnuverndarstefnu og/eða heilsu- og öryggisstefnu. Fleiri útgefendur hafa sett sér siðareglur og stefnu gegn spillingu en fyrir árið síðan. Hlutfall þeirra sem hafa sett birgjum siðareglur er óbreytt milli ára.




Mynd 6: Hlítni útgefenda innlendra fjármálagerninga við valda félagsþætti árið 2024




Mynd 6b: Hlítni útgefenda innlendra fjármálagerninga við valda félagsþætti árið 2023

Að lokum var tekin út hlítin gagnvart gagnaöryggi sem flokkuð er undir stjórnarhætti og félagsþætti. Þar kemur fram að allir útgefendur hafa sett sér gagnaöryggistefnu. Fækkun hafði orðið í hópi þeirra sem voru með upplýsingaröryggistefnu eða 58,3% samanborið við 72,2% fyrir ári. Aðeins 10 eða 27,8% útgefenda hafa aflað sér vottunar á upplýsingaöryggi sem er líka fækkun milli ára.



Mynd 7: Hlítni útgefenda innlendra fjármálagerninga við valda stjórnarhætti og félagsþætti árið 2024




Mynd 7b: Hlítني útgefenda innlendra fjármálagerna við valda stjórnaðhætti og félagsþætti árið 2023

Hluthafastefna er hluti af stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Þar kemur fram að Lífsverk stefnir að því að sækja hluthafafundi þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Lífsverk leitast við að rýna tillögur stjórnar með upplýstum hætti og tekur sjálfstæða afstöðu til þeirra út frá hagsmunum og stefnumörkun sjóðsins hverju sinni. Lífsverk sækir á hverju ári fjölda aðal- og hluthafafunda innlendra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Alls sótti Lífsverk 35 aðal- og hluthafafundi tengda starfsárinu 2024; þar af voru 27 aðalfundir vegna starfsársins 2024 (haldnir á árinu 2025) og 8 hluthafafundir sem haldnir voru á árinu 2024. Þar sem ekki var sjálfkjörið greiddi Lífsverk alls 215 sinnum með tillögum stjórnar, átta sinnum sat sjóðurinn hjá en greiddi sex sinnum á móti tillögum stjórnar. Nánari upplýsingar um atkvæðagreiðslur má finna á heimasíðu Lífsverks <https://www.lifsverk.is/abyrgar-fjarfestingar/medferd-atkvaedisrettar>

UFS mat


Innlendar eignir samtryggingardeildar eru 68,6% heildareigna m.v. árslok 2024, þar af fá 56,3% af innlendum eignum UFS mat eða 38,6% af heildareignum samtryggingardeildar sjóðsins í samanburði við 40,8% eigna fyrir árið síðan. Niðurstaðan er að vegin heildar UFS stig innlendra eigna samtryggingardeildar Lífsverks er sú sama eða 80,0 fyrir árin 2024 og 2023. Skali stiga er frá 0 upp í 100. UFS matið skiptist svo í þrjá undirþætti; þ.e. umhverfispættir með stig upp á 80,3 félagsþættir með stig uppá 82,6 og stjórnaðhættir með 78,7 stig.



Mynd 8: UFS stig fyrir innlent verðbréfasafn samtryggingardeildar Lífsverks árin 2024 og 2023


Innlendar eignir séreignardeilda Lífsverk 1, 2 og 3 eru 76,9% heildareigna m.v. vegið meðaltal þeirra við árslok 2024, þar af fá 56,3% af innlendum eignum UFS mat eða 43,3% af heildareignum séreignardeildanna. Niðurstöðu er að finna á mynd 8b, þar kemur fram að vegin heildar UFS stig innlendra

eigna séreignardeilda eru 82,4 stig. UFS mat hinna þriggja undirþátta er að umhverfispættir fá 83,0 stig, félagspættir 84,5 og stjórnarhættir 81,9. Ekki er til mat fyrir 2023 tengt séreignardeildum.




Mynd 8b: UFS stig fyrir innlent verðbréfasafn séreignardeilda Lífsverks árið 2024

Mikill meirihluti innlendra skráðra hlutabréfa fá UFS mat og sömuleiðis fjöldi útgefenda innlendra skuldabréfa. Vegin UFS stig innlends skuldabréfasafns samtryggingardeildar er 82,0 fyrir árið 2024 en 83,1 m.v. 2023. Skráð innlent hlutabréfasafn fær UFS stig uppá 77,6 en 76,7 m.v. 2023 en óskráð innlend hlutabréf eru með 75,7 fyrir árið 2024 en 76,6 fyrir 2023 eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 9: UFS stig innlendra verðbréfasafna samtryggingardeildar Lífsverks árin 2024 og 2023

Á mynd 9b koma fram UFS stig innlends verðbréfasafns séreignardeilda. Vegin UFS stig innlends skuldabréfasafns séreignardeilda eru 84,3 stig m.v. árslok 2024, 78,8 stig fyrir skráð innlend hlutabréf og 76,0 fyrir óskráð innlend hlutabréf. Ekki er til mat fyrir 2023 tengt séreignardeildum.



Mynd 9b: UFS stig innlendra verðbréfasafna séreignardeilda Lífsverks árið 2024

Græn skuldabréf eru hluti af safni Lífsverks, en það eru skuldabréf sem gefin eru út í þeim tilgangi að fjármagna framkvæmdir eða breytingar sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Slík skuldabréf eru vottuð fyrir útgáfu og lúta eftirliti yfir líftíma sinn. Í lok árs 2024 voru græn skuldabréf 4,2% af hreinni eign sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnu er stefnan að græn skuldabréf séu 6% af hreinni eign. Græn


skuldabréf eru meginuppistaða í grænum fjárfestingum Lífsverks en auk þeirra teljast ákveðnar fjárfestingar í hlutabréfum til grænna fjárfestinga.

Erlendar fjárfestingar og eignasafn


Lífsverk er með UFS mat fyrir erlendan hluta eignasafnsins til að framfylgja stefnu um ábyrgar fjárfestingar og gera sér grein fyrir áhættuþáttum tengda umhverfis-, félagsþáttum og stjórnarháttum í erlendu eignasafni. Stuðst við UFS matskerfi MSCI og LGT Capital Partners auk þess sem notuð eru gögn frá Morningstar varðandi kolefnislosun erlenda eignasafnsins fyrir samtryggingardeild og séreignardeildir.

Kolefnislosun

Eins og áður sagði þá leggur sjóðurinn áherslu á gagnsæi um kolefnisspor eignasafns. Markmið til skemmri tíma er að ná utan um upplýsingar um kolefnislosun í innlendu og erlendu eignasafni með það að markmiði að hafa sem áreiðanlegastar upplýsingar um kolefnislosun (þ.e. umfang 1, 2 og helstu þáttum umfangs 3 þeirra verðbréfasjóða sem sjóðurinn hefur fjárfest í erlendis) vegna hvers fjárhagsárs. Lífsverk muni leitast við að samstarfsaðilar, s.s. erlend sjóðafyrirtæki séu með sambærileg markmið og upplýsi Lífsverk um framvindu slíkra mála. Á myndum 10 & 10b, 11 & 11b og 12 & 12b, koma fram upplýsingar um kolefnisspor erlends verðbréfasafns samtryggingardeildar og séreignardeilda, sett fram með sambærilegum hætti og fyrir innlent verðbréfasafn sjóðsins. Á myndum 10 og 10b sést heildarkolefnislosun erlendra skráðra sjóða í eignasafni sjóðsins. Þar kemur fram að heildarlosun er mest frá umfangi 3, þ.e. það sem nær yfir alla virðiskeðju fyrirtækis, losun sem verður til hjá þriðja aðila til að fyrirtæki geti stundað sína starfsemi.




Mynd 10: Kolefnislosun (kolefnisspor) erlendra skráðra sjóða í eignasafni samtryggingardeildar Lífsverks árið 2024




Mynd 10b: Kolefnislosun (kolefnisspor) erlendra skráðra sjóða í eignasafni séreignardeilda Lífsverks árið 2024

Myndir 11 og 11b sýna losunarkræfni erlendra skráðra eigna samtryggingardeildar og séreignardeilda. Losunarkræfni er mælikvarði á losun miðað við tiltekna einingu. Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, 2 og 3.




Mynd 11: Losunarkræfni erlendra skráðra sjóða í eignasafni samtryggingardeildar Lífsverks árin 2024 og 2023




Mynd 11b: Losunarkræfni erlendra skráðra sjóða í eignasafni séreignardeilda Lífsverks árin 2024 og 2023

Myndir 12 og 12b sýna heildarkolefnislosun erlendra skráðra eigna samtryggingardeildar og séreignardeilda m.v. umfang 1, 2 og 3 skv. skilgreiningu TCFD og fjármagnaða kolefnislosun erlendra skráðra verðbréfa skv. skilgreiningu PCAF, skipt annars vegar í umfang 1 og 2 og hins vegar í umfang 3.




Mynd 12: Heildarkolefnislosun og fjármögnuð kolefnislosun erlendra skráðra sjóða í eignasafni samtryggingardeildar Lífsverks árið 2024



Mynd 12b: Heildarkolefnislosun og fjármögnuð kolefnislosun erlendra skráðra sjóða í eignasafni séreignardeilda Lífsverks árið 2024

Á mynd 13 sést kolefnislosun erlends verðbréfasafns samtryggingardeildar Lífsverks, mælt sem kolefnisígildi á milljón dollara af tekjum undirliggjandi félaga (e. per USD 1 m of revenue in metric tonn Co2 p.a). Á myndinni kemur fram að undirliggjandi félög í eigu samtryggingardeildar Lífsverks eru með töluvert minni kolefnislosun en undirliggjandi félög í heimsvísitölu hlutabréfa.




Mynd 13: Kolefnislosun erlends verðbréfasafn samtryggingardeildar samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2024

UFS mat

Erlendur hluti eignasafns Lífsverks er metinn út frá UFS sjónarmiðum fyrir samtryggingardeild og nú einnig séreignardeildir sjóðsins. Annars vegar var gerð UFS samantekt á safni erlendra verðbréfa þar sem stuðst er við UFS matskerfi MSCI og hins vegar gerði LGT Capital Partners (LGT CP) UFS úttekt. LGT CP er sjóðastýringarhús með langa hefð í ábyrgum fjárfestingum þar sem Lífsverk er fjárfestur í einum UFS hlutabréfasjóði LGT. Myndir 14 & 14b, 15 & 15b og 16 & 16b sýna helstu niðurstöður.

Allt hlutlaust safn erlendra hlutabréfasjóða er í UFS vísitölusjóðum, auk þess að Lífsverk er fjárfestur í UFS útgáfu sérgreinds safns erlendra hlutabréfa og hluti virkra erlendra hlutabréfa- og skuldabréfasjóða eru sérstakir UFS sjóðir, t.d. LGT Sustainable Equity Fund og PIMCO Climate Bond Fund.


Samtals eru 27 erlendir skráðir verðbréfasjóðir í eigu samtryggingardeildar Lífsverks, þar af eru 10 sem tilheyra sérgreindu safni í stýringu hjá GAM. Af þessum 27 sjóðum þá eru 25 sjóðir með A til AAA UFS einkunn frá MSCI sem er aukning um einn sjóð milli ára. AAA er hæsta UFS einkunnin sem MSCI gefur og B er sú lægsta. Einn sjóður fær B til BBB einkunn og einn sjóður er án einkunnar eins og sést á mynd 14.



Mynd 14: UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða Lífsverks árin 2024 og 2023


Ef horft er til eignaskiptingar erlendra verðbréfasjóða samtryggingardeildar þá eru 93,6% eigna samtryggingardeildar í erlendum verðbréfasjóðum með UFS einkunn á bilinu A til AAA m.v. árslok 2024 samanborðið við 93,8% eigna fyrir ári síðan.

Lífsverk 1 er fjárfest í níu erlendum skráðum verðbréfasjóðum og Lífsverk 2 er með 10 erlenda skráða verðbréfasjóði. Allir þessir sjóðir eru með A til AAA UFS einkunn frá MSCI og þarf af leiðandi er 100% eigna beggja leiða innan þeirra einkunnargjafar eins og sést á mynd 14b. Samanburður milli ára er ekki til.




Mynd 14b: UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða séreignardeilda Lífsverks 1 og 2 árið 2024

Úttekt LGT gefur innsýn í erlent eignasafn samtryggingardeildar sjóðsins fyrir árin 2020 – 2024, sjá mynd 15. Þar sést UFS skor fyrir heildarsafn og undirþættina; umhverfis-, félagsþættir og stjórnarhættir þar sem 0 er lægsta skorið og 100 er hæsta. Helstu niðurstöður sýna að heildar UFS skor fyrir erlent verðbréfasafn hefur hækkað jafnt og þétt frá 2020 til 2022 þar til 2023 þegar það lækkaði lítillega en hækkaði síðan á ný árið 2024. Einkunnir vegna stjórnarháttanna og félagsþátta hækkuðu sömuleiðis árin 2020 til 2022 þar til lítillæg lækkun varð 2023 en hækkaði svo aftur 2024. Umhverfisþættir hafa hækkað öll árin þar til 2024.




Mynd 15: UFS skor erlends verðbréfasafns samtryggingardeildar Lífsverks árin 2020 til 2024



Mynd 15b: UFS skor erlends verðbréfasafns séreignardeilda Lífsverks 1 og 2 árið 2024


Á mynd 15b má sjá sambærileg skor fyrir séreignardeildir fyrir árslok 2024 en það er ekki til samanburður milli ára. Þar sést að heildar UFS skor fyrir erlent verðbréfasafn er 65,0 fyrir Lífsverk 1 og 66,1 fyrir Lífsverk 2 m.v. árslok 2024.

Þegar erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar Lífsverks er borið saman við heimsvísitölu hlutabréfa á árinu 2024, eins og sjá má á mynd 16, þá kemur í ljós að eignasafn Lífsverks er með hærra heildarskor en vísitalan og með hærra skor í undirþáttum sem snúa að stjórnarháttum og félagsþáttum en lægra gagnvart umhverfispáttum.



Mynd 16: UFS skor erlends verðbréfasafns samtryggingardeildar samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2024

Þegar erlent verðbréfasafn Lífsverks 1 og 2 er borið saman við heimsvísitölu hlutabréfa þá kemur í ljós að eignasafn beggja leiða er með hærra heildarskor en vísitalan og með hærra skor í undirþáttum sem snúa að stjórnarháttum og félagsþáttum en lægra gagnvart umhverfispáttum.



Mynd 16b: UFS skor erlends verðbréfasafn séreignardeilda Lífsverks 1 og 2 samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2024

Atvik sem áttu sér stað á árinu og brutu mögulega gegn stefnu Lífsverks

Lífsverk vaktar og heldur skrá yfir þau atvik sem koma upp, þar sem grunur er um brot á stefnu Lífsverks um ábyrgar fjárfestingar. Engin slík atvik komu upp á árinu sem ástæða þótti til að kanna nánar.

Ábyrgð í rekstri og umhverfi

Unnið er að lágmörkun pappírnotkunar, rusl er flokkað á vinnustað og því fargað á umhverfisvænan hátt og starfsmenn nýta sér vistvæna ferðamáta til og frá vinnu, svo sem göngu, hjól eða rafknúin ökutæki.

Lokaorð

Stefna Lífsverks lífeyrissjóðs í ábyrgum fjárfestingum var síðast uppfærð í ágúst 2024 en þá var aðeins um lítils háttar uppfærslu að ræða. Árin 2022 og 2023 var farið í gagnvera endurskoðun á stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum og lauk þeirri vinnu í maí 2023. Innleiðingarferli nýrrar stefnu um ábyrgar fjárfestingar hófst á árinu 2023 og segja má að hún standi enn yfir enda verkið umfangsmikið og upplýsingar og greiningar tengdar UFS málum breytilegar. Umfjöllun í þessari skýrslu er í meginatriðum sambærileg við umfjöllun síðasta árs utan þess að bætt hefur verið við umfjöllun um séreignardeildir sjóðsins eftir því sem við á en um mitt ár 2024 tók Lífsverk yfir stýringu á séreignarleiddum sjóðsins sem höfðu verið í útivistun hjá Kviku eignastýringu. Innleiðing felur m.a. í sér mat á hvaða aðferðarfræði skuli beita við UFS mat. Í því fólst m.a. skoðun greiningartóla og aðferðarfræða utankomandi aðila sem bjóða upp á sjálfbærni greiningar og UFS mót. Sjóðurinn er með samning við Reitun sem er greiningar- og matsfyrirtæki sem sérhæfir sig meðal annars í UFS mati fyrir innlendan fjármálamarkað sem notað er til stuðnings við UFS mat á innlendum verðbréfamarkaði. Sjóðurinn hefur jafnframt gert samning við Morningstar sem er erlent fjármálaþjónustufyrirtæki, sérhæft sem upplýsingaveita og greiningaraðili á erlendum verðbréfamörkuðum, m.a. tengt UFS mötum og allskyns sjálfbærni upplýsingum. Lífsverk hefur á árinu 2025 unnið með ráðgjafa að frekari þróun UFS mats bæði fyrir innlendar og erlendar eignir sem ætlunin er að setja í gagnid í skrefum, frá og með árinu 2025. Hluti af vinnunni hefur verið uppfærsla á innra loftslagsáhættumati sjóðsins og tengja það við aðrar megin áhættur sjóðsins. Innanhúss þróun hefur sérstaklega verið beint gagnvart uppbyggingu gagnagrunna um sjálfbærni upplýsingar og stendur sú vinna enn yfir enda um langtímaverkefni að ræða. Áfram er unnið að framsetningu upplýsinga m.a. í þessari skýrslu um framkvæmd stefnunnar auk þess sem horft verður til frekari þróunar á ýmsu regluverki tengt sjálfbærni (s.s. SFRD, Flokkunarreglugerð ESB og CSRD). Innleiðingin felur einnig í sér frekari þróun verklagsreglna um framkvæmd stefnunnar. Vinnan er samvinna eignastýringar og áhættustjóra

Viðauki I: Yfirlit um innleiðingu reglugerðar um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu

Staða Lífswerks lífeyrissjóðs gagnvart innleiðingu reglugerðar (ESB) 2019/2088 um áhættu tengda sjálfbærni og veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir (e. Sustainable Finance Disclosure Regulation, SFDR) er eftirfarandi:

3. grein reglugerðarinnar fjallar um gagnsæi í áhættustefnu um sjálfbærni. Stjórn Lífswerks lífeyrissjóðs samþykkti á árinu 2023 nýja stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem uppfærð var lítillega í ágúst 2024. Stefnan skilgreinir sjálfbærni viðmið í fjárfestingum og áhættustýringu sjóðsins þar sem áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í ákvarðanir tengdar fjármálaafurðum. Stefnan er birt á vefsíðu sjóðsins, á íslensku og ensku.

4. grein fjallar um gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á einingastigi. Lífswerk lífeyrissjóður hefur ekki mælt neikvæð áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti t.a.m. vegna þess að gagnagæði á markaði tengd fjármálaafurðum eru ekki nægjanleg og samræmd aðferðarfræði ekki til staðar. Lífswerk mun leitast við, í samstarfi við aðila á fjármálamarkaði, að safna gögnum og sammælast um aðferðarfræði þannig að upplýsingagjöf um gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni verði markviss.

5. grein fjallar um gagnsæi starfskjarastefnu í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn. Starfskjör starfsmanna Lífswerks lífeyrissjóðs eru ekki tengd mælikvörðum um áhættu tengda sjálfbærni.

6. grein reglugerðarinnar tekur á gagnsæi í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir. Þessi grein á ekki við samtryggingardeild Lífswerks lífeyrissjóðs en nær til séreignardeilda sjóðsins. Lífswerk tók við stýringu séreignadeilda sjóðsins 1. júlí 2024 og vísar í stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og áhættustefnu sjóðsins varðandi málefni tengt sjálfbærni. Fjárfestingar sem eru undirliggjandi í séreignardeildum, Lífswerk 1, 2 og 3 taka ekki tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Séreignaleiðir sjóðsins flokkast því sem 6. greinar fjármálaafurðir. Frekari upplýsingar er að finna á sérstöku upplýsingablaði hvernar séreignarleiðar inni á vefsíðu sjóðsins.

7. grein fjallar um gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á stigi fjármálaafurða. 7. greinin á ekki við samtryggingardeild Lífswerks lífeyrissjóðs en nær til séreignardeilda sjóðsins. Lífswerk tók við stýringu séreignadeilda sjóðsins 1. júlí 2024 og vísar í stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og áhættustefnu sjóðsins varðandi málefni tengt sjálfbærni. Frekari upplýsingar er að finna á sérstöku upplýsingablaði hvernar séreignarleiðar inn á vefsíðu sjóðsins.

Aðrar greinar reglugerðar (ESB) 2019/2088 um áhættu tengda sjálfbærni og veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir eiga ekki við um Lífswerk lífeyrissjóð og því verður ekki fjallað frekar um þær.

Viðauki II: Yfirlit um hlítni Lífsverks við meginreglur PRI fyrir árið 2023

Kafli (section)		Mælikvarði (indicator)	Meginreglur PRI						Almennt (general)
			1	2	3	4	5	6	
			Lífsverk tekur mið af sjálfbærniþáttum við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvarðanatöku. Sjóðurinn mun vera virkur eigandi sem tekur tillit til sjálfbærniþátta bæði í stefnu og verki. Kallað verður eftir upplýsingum um frammistöðu út frá sjálfbærniþáttum frá fyrirtækjum sem fjárfest er í. Sjóðurinn mun beita sér fyrir viðurkenningu á og innleiðingu meginreglna PRI innan fjármálageirans Sjóðurinn mun vinna að því að auka áhrif og árangur af innleiðingu meginreglnanna. Sjóðurinn mun upplýsa um starfsemi sjóðsins og framgang við innleiðingu meginreglnanna.						
Mat á stjórnarháttum og stefnu um ábyrgar fjárfestingar	PGS	1	100/100						
	PGS	2	99/150						
	PGS	3						25/100	
	PGS	5		150/150					
	PGS	6		150/150					
	PGS	8	150/150						
	PGS	9	99/150						
	PGS	10		150/150					
	PGS	10.1		100/100					
	PGS	11	100/100						
	PGS	11.1	150/150						
	PGS	12	100/100						
	PGS	14	0/200						
	PGS	16						200/200	
	PGS	17						0/200	
	PGS	20	100/100					100/100	
	PGS	21	150/200						
	PGS	22		200/200					
	PGS	24		100/200					
	PGS	31		200/200					
	PGS	32		50/100					
	PGS	33		132/200					
	PGS	33.1		75/100					
	PGS	34		90/200					
	PGS	36		50/100					
	PGS	37		100/100					
PGS	39		200/200						
PGS	39.1		66/200						
PGS	39.2		132/200						
PGS	41							200/200	
PGS	41.1							200/200	
PGS	43							0/200	
PGS	44							0/200	
PGS	45							124/200	
PGS	46							0/200	
PGS	47		0/200						
			Full stig	Hluta stig	Engin stig				

			Meginreglur PRI										Almennt (general)					
Kafli (section)			Mælikvarði (indicator)															
			1										2	3	4	5	6	
			Lífsvæðis tekur mið af sjálfbærni við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvarðanatöku.										Sjóðurinn mun vera virkur eigandi sem tekur tillit til sjálfbærni við bæði í stefnu og verki.	Kallað verður eftir upplýsingum um frammistöðu út frá sjálfbærni við framtíðar fyrirtækjum sem fjárfest er í.	Sjóðurinn mun beita sér fyrir viðurkenningu á og innleiðingu meginreglna PRI innan fjármálageirans	Sjóðurinn mun vinna að því að auka áhrif og árangur af innleiðingu meginreglnanna.	Sjóðurinn mun upplýsa um starfsemi sjóðsins og frammgang við innleiðingu meginreglnanna.	
Skráð hlutabréfaeign í hlutlausri stýringu			SAM	1								100/100						
			SAM	5								150/150						
			SAM	6								69/150						
			SAM	7								56/150						
			SAM	8								82/150						
			SAM	9								150/150						
			SAM	12		113/150												
			SAM	13		150/150												
			SAM	14		150/150												
			SAM	16								150/150						
			SAM	17		20/100												
Skráð hlutabréfaeign í virkri stýringu			SAM	1							100/100							
			SAM	5								150/150						
			SAM	6								69/150						
			SAM	7								56/150						
			SAM	8								82/150						
			SAM	9								150/150						
			SAM	12		113/150												
			SAM	13		150/150												
			SAM	14		150/150												
			SAM	16								150/150						
			SAM	17		20/100												
Skuldabréfaeign í virkri stýringu			SAM	1							100/100							
			SAM	5								150/150						
			SAM	6								69/150						
			SAM	8								82/150						
			SAM	9								150/150						
			SAM	12		113/150												
			SAM	13		0/150												
			SAM	16								150/150						
			SAM	17		20/100												
Traust til aðferðafrábyrgðar			CBM	1									99/150					
			CBM	6										100/100				
			Full stig		Hluta stig		Engin stig											